

Eystrahorn

20. tbl. 40. árgangur

Miðvikudagurinn 25. maí 2022

www.eystrahorn.is

Útskrift frá FAS



Laugardaginn 21. maí fór fram útskrift frá FAS. Að þessu sinni útskrifuðust 14 stúdentar og átta nemendur af Vélstjórn A. Nýstúdentar eru: *Andrea Rán Ragnarsdóttir Breiðfjörð, Aníta Aðalsteinsdóttir, Arna Ósk Arnarsdóttir, Ástrós Aníta Óskarsdóttir, Birgir Sigurðsson, Daníel Snær Garðarsson, Guðrún Brynjólfsdóttir, Hermann Þór Ragnarsson, Karen Ása Benediktsdóttir, Ragna Björk Einarsdóttir, Sigrún Ingvaldóttir, Tinna María Sævarsdóttir, Tómas Orri Hjálmarsson og Þórunn María Kærnested.*

Af A stigi vélstjórnar útskrifast: *Atli Dagur Eyjólfsson, Benedikt Óttar Snæbjörnsson, Gísli Eysteinn Helgason, Kjartan Jóhann R. Einarsson, Kolbeinn Benedikt Guðjónsson, Sigurður Helgi Pétursson, Steindór Már Ólafsson og Þróstur Jóhannsson.*

Bestum árangri á stúdentprófi að þessu sinn nær *Tinna María Sævarsdóttir.*

Starfsfólk FAS óskar útskriftarnemendum öllum til hamingju með áfangann og óskar þeim velfarnaðar í framtíðinni.

Úrslit sveitarstjórnarkosninga 2022

Skýrsla yfirkjörstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar um úrslit sveitarstjórnarkosninga 14. maí 2022 liggur fyrir.

Kjósendur á kjörskrá voru	1.756.	
Greidd atkvæði alls	1.263	71,9% kosningabátttaka
Gildir atkvæðaseðlar	1.203	95,2% af greiddum atkv.
Auðir seðlar og aðrir ógildir seðlar	60	4,8% af greiddum atkv.
Þar af auðir seðlar	53	4,2% af greiddum atkv.
Þar af ógildir seðlar (en ekki auðir)	7	0,6% af greiddum atkv.

Hver listi hlaut atkvæði sem hér segir:

B – listi Framsóknarflokkur	381	31,7%	2 fulltrúar
D – listi Sjálfstæðisflokkur	461	38,3%	3 fulltrúar
K – listi Kex framboð	361	30,0%	2 fulltrúar



Skýrsla yfirkjörstjórnar um atkvæðatölur framboðslista og atkvæðatölur frambjóðenda er aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins www.hornafjordur.is



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Nálgast má blaðið og eldri blöð á www.eystrahorn.is

Innritun nýnema skólaárið 2022-2023 stendur yfir

Síðasti umsóknardagur er mánudagurinn 22. ágúst.

Umsækjendur sækja um í gegnum íbúagátt bæjarfélagsins eða www.hornafjordur.is (Þjónusta, Tónskóli)

Þeir nemendur sem voru í námi á síðasta ári og skiluðu inn umsókn í vor, þurfa ekki að sækja aftur um.

Skrifstofa skólans ásamt símatíma verður opin:

Föstudaginn. 19. ág. kl. 11:00-16:00 og

mánudaginn 22. ág. kl. 10:00-13:00

sími 470-8460

Nánari upplýsingar eru inn á heimasíðu skólans.
Hornafjordur.is - þjónusta - tónskóli

Einnig má senda fyrirspurnir á
tonskoli@hornafjordur.is

Skólastjóri

Tónskóli
AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

**GANGA & HÚSKVEDJA
Á FAGURHÓLSMÝRI**

28 MAI

VELKOMIN Á FAGURHÓLSMÝRI!

GANGA MEÐ LEIÐSÖGN HEFST KLUKKAN 14:00
HÚSKVEDJA BYRJAR KLUKKAN 16:30

SVAVARSSAFN
LITTAFAHNI ART MUSEUM

Myndlistarjóbúur
Ícelandic Visual
Arts Fund

SAB
Skipting
Skipting
Skipting

HÖFDINN

LOFTSLAGSVÆNN LANDBÚNAÐUR

Auglýst er eftir nýjum þátttakendum í nautgriparækt

Loftslagsvænn landbúnaður er hluti af aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Markmið verkefnisins er að draga úr losun gróðurhúsa-lofttegunda og auka kolefnisbindingu.

Auglýst er eftir fimmtán þáttökubúum í nautgriparækt, til allt að fimm ára, sem hafa áhuga á að setja sér skriflega aðgerðaáætlun fyrir búreksturinn, hrinda markmiðum í framkvæmd og vera virkir þátttakendur í vegferð landbúnaðarins að loftslagsvænum lausnum.

Verkefnastjórn áskilur sér rétt til að velja þátttakendur, verði umsækjendur fleiri en fimmtán, en öll þáttökubú þurfa að uppfylla lögbundnar skýrslu-haldskröfur sbr. 4. gr. reglugerðar um stuðning við nautgriparækt.

Þátttakendur fá heildstæða ráðgjöf, fræðslu og aðhald frá RML, Landgræðslunni og Skógræktinni. Auk þessa þáttökustyrk, styrk til efnagreininga og þegar liður á verkefnið aðgerða- og árangurstengdar greiðslur.

Verkefnið hefst í ágúst/sept 2022 og er umsóknarfrestur til 20. júní n.k. Umsóknareyðublað má nálgast á heimasíðu RML, www.rml.is.

Nánari upplýsingar veitir Berglind Ósk Alfreðsdóttir verkefnastjóri, berglind@rml.is og í síma 516-5000.



LAUS STÖRF Á HÖFN Í HORNAFIRÐI

- Stöðvarstjóri
- Gjaldkeri í sumarstarf
- Bílstjóri í sumarstarf

Nánari upplýsingar á
posturinn.is/atvinna


PÓSTURINN



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi: HLS ehf.
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes
Umbrot: Tjörvi Óskarsson
Prentun: Litlaprent
ISSN 1670-4126

Hús Kveðja á Fagurhólsmýri



Hundurinn Váli sló í gegn meðal sýningargesta



Eva Bjarnadóttir stendur fyrir Hús Kveðjunni

Menningarhátíðin Hús Kveðja heldur áfram. Síðasta laugardag opnaði sýning Evu Bjarnadóttur, Hús Kveðja, á Svavarsafni, en að þessu sinni verða viðburðirnir í hinum enda sveitarfélagsins á Fagurhólsmýri. Listakonan mun leiða sögugöngu frá Gömlubúðinni þar, út í Salthöfða. Ekki er um einfalda útsýnisgöngu að ræða, heldur verða ýmsir gestir með

frásagnir á leiðinni. Í Gömlubúðinni sjálfri verður svo haldin Hús Kveðja, þar sem Steinunn Björg Ólafsdóttir, Einar Bjartur Egilsson, Gunnlaugur Bjarnason og María Sól Ingólfssdóttir munu m.a. syngja fyrir gesti. Nafn gjörningsins líkt og sýningarinnar á Svavarsafni er sótt í húskveðjuhefðina, þar sem vinir og ættingjar söfnuðust saman í heimahúsi hins látna fyrir jarðarför til að kveðja

viðkomandi. Að þessu sinni er þó ekki verið að kveðja mann, heldur hús, sem er að skipta um hlutverk. Nánari upplýsingar má finna í Höfðanum sem barst til allra Hornfirðinga í síðustu viku, en þar má finna bæði dagskrá hátíðarinnar og ýmsan fróðleik.

Barnastarf Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar 2022

Ferðir í sumar:

- 7. júní Flatey – heimsókn í fjósið.
- 14. júní Óslandið - fuglaskoðun.
- 21. júní Fjöruferð.
- 28. júní Hestaferð.
- 5. júlí Pottaferð - Hoffell.
- 14. júlí Lúruferð.
- 12. júlí Listasmiðja á safninu.
- 19. júlí Mikley.
- 26. júlí Þorgeirsstaðafossar.
- 9. ágúst Óvissuferð.

Fylla þarf út leyfisblöð við fyrstu ferð barns og fást þau á bókasafninu. Skrá þarf í hverja ferð á mánudögum. og fer skráning fram í síma 470 8050.

Nú líður að því að barnastarf Menningarmiðstöðvarinnar fari af stað. Þar gefst krökkum tækifæri á að kynna sér nærumhverfinu á nýjan hátt.

Í ár munum við ferðast um víðan völl og hlökkum við til að sjá sem flesta í barnastarfi sumarsins.

Farið verður af stað kl. 13:00 alla þriðjudaga nema annað sé tekið fram.

Farið verður af stað frá Nýheimum. Við minnum ykkur á að koma klædd eftir veðri og með nesti.

Frítt er í allar ferðir.

Birt með fyrirvara um breytingar

Hver perla hefur sína sögu



Nú stendur yfir fjáröflunar- og árvekniátak Krafts, stuðningsfélags fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur. Markmið átaksins er að selja ný „Lífið er núna“ armbönd, fá fólk til að koma saman og sýna samstöðu með því að perla armbönd og sýna almenningi inn í reynsluheim félagsmanna Krafts og þeim áskorunum sem verða á vegi þeirra.

Um 70 ungir einstaklingar greinast á ári hverju og hefur það bæði áhrif á þau greindu sem og fjölskyldu og ástvini þeirra. Vitundarvakningin er hafin og stendur til 6. júní og ætlar Kraftur að selja armbönd á tímabilinu sem verða seld í takmörkuðu upplagi en öll armböndin eru perluð af sjálfbodaliðum.

„Hver perla hefur sína sögu er yfirskrift átaksins í ár og vísar til lífeyrnslu okkar félagsmanna og hvaða þýðingu „Lífið er núna“ armbandið hefur fyrir þau. Sem fyrr verður slagorð Krafts „Lífið er núna“ í hávegum haft og munum við hvetja fólk til að „sýna Kraft í verki“ og bera nýja armbandið. En með því að bera armbandið sýnir fólk stuðning sem það jafnvel áttar sig ekki alveg á en félagsmenn okkar finna ætíð fyrir meðbyr og stuðningi þegar þeir sjá aðra með armböndin,“ segir Hulda Hjálmaradóttir, framkvæmdastjóri Krafts.

Armböndin eru til sölu í vefverslun Krafts á www.lifidernuna.is og einnig í völdum verslunum Krónunnar sem og vefverslun Krónunnar. Risaperluviðburður var haldinn í Hörpu síðastliðinn sunnudag, en þá komu saman sjálfbodaliðar að perla armbönd fyrir sölu. Armböndin kosta 2.900 krónur og rennur allur ágóði af þeim í starfsemi Krafts og í að styðja þar með við bakið á ungu fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendum.

Eystrahorni bárust eftirfarandi vísur fyrir nokkru. Gefst nú tækifæri til að birta þær lesendum til yndisauka. Við hvetjum lesendur að senda okkur línu lumi þeir á einhverju áhugaverðu efni í blaðið.

Heilræðavísur

Vertu kátur, vertu hýr
varastu grát og trega
Veki hlátur dropinn dýr
en drekktu 'ann mátulega

Hófs skal gæta í hverjum leik
hvergi græta hinn smáa.
Ýmsa kætir vonin veik
vantraust bætir fáa.

Leiktu ei grátt þinn minni mátt
þú miðla átt þeim snauða.
Lát þér fátt en leiktu kátt
þinn lífsins þátt til dauða.

Mannlýsing

Ég hef mörgum mönnum kynnst
sem mikið eiga af göllum.
Það er víst að það mér finnst
þú sem berð af öllum

Þér lán og yndi láti í té
lukkan barm sinn vinur.
Þó er rétt að sérhver sé
sinnar gæfu smiður.

Höfundur Leirmundur

Róðrakeppni 2022



Laugardaginn 11. júní verður haldin hin árlega róðrakeppni í tilefni sjómanna dagsins.

Skráning liða er hjá Óttari í Veidafæragerðinni í síma: 848-7875.

Kveðja
sjómanna dagsráð

FAS leitar að gestafjölskyldu fyrir 15 ára stelpu frá Þýskalandi sem vill vera hjá okkur á næstu haustönn.

Upplýsingar veitir Hjördís á
hjordis@fas.is
eða í síma 845-68 27.



Lumar þú á áhugaverðu efni í Eystrahorn?

Við hvetjum þig til að senda okkur línu á
eystrahorn@eystrahorn.is

HEFUR ÞÚ HLUSTAÐ Á HLAÐVARP EYSTRAHORNS ?

Hlustaðu á þættina á
www.eystrahorn.is/hladvarp
eða á Spotify





HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Spennandi störf í Húsasmiðjunni á Höfn. Framtíðar- og hlutastörf

Hefur þú ríka þjónustulund, ert góður sölumaður og hefur gaman af mannlegum samskiptum? Þá gætum við verið með starfið fyrir þig.

Við leitum að jákvæðum og metnaðarfullum aðilum til þess að bætast í hóp öflugra starfsmanna Húsasmiðjunnar á Höfn. Um er að ræða fjölbreytt framtíðar- og hlutastörf bæði í verslun og timbursölu. Við leitum að aðilum sem hafa jákvætt hugarfar og metnað fyrir því að veita framúrskarandi þjónustu til okkar viðskiptavina.

Vinnutími er frá 9:00-18:00 virka daga og frá 10:00-14:00 annan hvern laugardag.

Helstu verkefni:

- Sala, afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum
- Móttaka vöru, tiltekt og afgreiðsla pantana
- Önnur tilfallandi verslunarstörf
- Umsjón með lager í timbursölu

Hæfniskröfur:

- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð, skipulög og vönduð vinnubrögð
- Stundvísi, reglusemi og snyrtimennska
- Sterk öryggisvitund
- Almenn tölvukunnátta
- Lyftararéttindi er kostur fyrir starf í timbursölu

Nánari upplýsingar um starfið gefur Kristján Björgvinsson rekstrarstjóri á venni@husa.is. Öllum umsóknum verður svarað. Sótt er um á ráðningarvef Húsasmiðjunnar www.husa.is/laus-storf

Skannaðu QR kóðann og skoðaðu starfið



Gildin okkar

Áreiðanleiki

Þjónustulund

Þekking



Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega. Hvetjum alla til að sækja um óháð kyni.

Húsasmiðjan er líflegur vinnustaður með góðan starfsanda og sterka liðsheild. Húsasmiðjan leggur áherslu á að nýta til hins ýrasta hæfni, frumkvæði og þekkingu samhents hóps rúmlega 500 starfsmanna sem starfa hjá fyrirtækinu. Lögð er rík áhersla á símenntun og fræðslu og að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.



SJÓMANNADAGURINN HORNAFIRÐI 2022

SJÓMANNABALL

Í ÍPRÓTTAHÚSINU LAUGARDAGINN 11. JÚNÍ

VEISLUSTJÓRI
REGÍNA ÓSK

REGÍNA ÓSK · DAGUR SIG & TOMMI TOMM & HLJÓMSVEIT

HÚSÍÐ OPNAÐ 19:30

FORRÉTTUR: SMÁRÉTTIR

Grillaðar Nobashi rækjur með ponzu mayo, stökkum hvítlauk, kóríander og chili · „French Toast“ – smjörsteikt eggjabrauð, trufflu „slaw“, parmaskinka, parmesanostur
Glóðaður lax með miso bbq, stökkri svartrót og karsa · Djúsi andalæraconfit með beikoni, dödlum og appelsínuzest
Rísottó krókettur með villisveppum, mozzarella osti og bökuðu hvítlauks aioli með steinselju (g)

AÐALRÉTTUR

Grillaðar nautalundir í trufflumarineringu · Kryddjurtamarineruð kalkúnabringa · Brasseraður lambabógur í lambasoðsoðgljáa með hvítlauk og blóðbergi
Bakaðar kartöflur með ostagrátinsósu, steinselju og sharlott · Rauðrófusalat með fennel, shitake sveppum og heslihnetum
Bökuð seljurót og gulrætur með kínóa og eplavinaigrette · Hrásalat með seljurót, hvítkáli og truffludressingu
Grænt salat með ristuðu brokkolí, spínati, grænkáli og chili-vinaigrette

EFTIRRÉTTUR

Súkkulaðitruffla með blóðappelsínuganache og hnetupralín · Tanariva mjólkursúkkulaði brownies
með saltkaramelluganache og jarðarberi · Möndlukökur með sítrónubúðing og hindberjum

Borðhald hefst 20:00 – Miðapantanir í síma 844-0368/866-6245 eða erlingur@sth.is / seinars@gmail.com – til 3. júní.

Miðaverð á mat, skemmtun og dansleik Kr. 15.000. Miðaverð á dansleik í forsölu Kr. 4.000. Miðaverð dansleik eftir kl. 23:00 Kr. 4.500.